

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. júní 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-27/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á þéttihring á þvottavélarhurð hjá fyrirtækinu, 1. apríl 2008. Reikningur fyrir kaupunum ásamt vinnu við að koma hringnum fyrir er að fjárhæð kr. 12.359 og gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að reikninginn þurfi hann ekki að greiða. Þá krefst álitsbeiðandi þess að sams konar þéttihringur sem hann keypti 1. september 2006 verði talinn hafa verið í ábyrgð seljanda, en ef ekki þá verði honum ekki gert að greiða annað af framangreindum reikningi en kaupverð hringins sem deila aðila snýst um.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 29. apríl sl., og bárust þau nefndinni 14. maí. Með bréfi, dags. 19. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 28. maí. Með bréfi, dags. 29. maí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi lýsir því að hann hafi keypt þvottavél af gerðinni A hjá Y 2. júlí 1991 og hafi hún aldrei bilað. Hann hafi keypt þéttihring á hurð þvottavélarinnar 1. september 2006 hjá Z sem hann hafi sett í sjálfur. Reikningur fyrir þeim kaupum fylgdi álitsbeiðninni. Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt þéttihring hjá Z á nýjan leik 1. apríl sl. þar sem hinn hringurinn hafi farið að leka. Reikningur fyrir þeim kaupum er frá Y, sem álitsbeiðandi beinir kröfum sínum að, er að fjárhæð kr. 12.359 og dags. 3. apríl sl.

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir því við kaupin á þéttihringnum að fá að tala við reyndan viðgerðarmann sem þekkti þessa tegund þvottavéla því að honum hafi fundist endingin á fyrri hringnum vera stutt og dýrt yrði að reka vélina með sama áframhaldi. Viðgerðarmenn hafi ekki verið viðlátir en afgreiðslumaðurinn hefði skoðað hringinn, borið hann saman við nýjan hring, og sagt að ekkert væri að hringnum. Afgreiðslumaðurinn hefði sagt að þá væri ekki um annað að ræða en hurðin á þvottavélinni væri skaðvaldurinn og því þyrfti álitsbeiðandi að panta tíma til þess að láta skoða hurðina. Til sín hafi síðan komið viðgerðarmaður, sett þvottavélina í gang og staðfest að læki með hurðinni. Hann hafi tekið gamla hringinn af og teygt á honum og hafi sést að hann hafi allur verið sprunginn.

Álitsbeiðandi kveðst hafa farið til Z í því skyni að kaupa nýjan þéttihring sem hann hafi ætlað að setja á hurðina sjálfur eins og hann hafi tvívegis gert áður. Eðlilegur

gangur málsins hafi verið tekinn úr höndum sér vegna vanhæfni viðgerðarmannsins sem fyrst hafi kveðið upp úr um það að hringurinn væri lekur eftir að komið hefði verið heim til sín. Viðgerðarmaðurinn hafi virst vera að takast á við þessa tegund þvottavéla í fyrsta sinn. Þegar viðgerðarmaðurinn hafi skrifað reikninginn hafi hann sagst ætla að skera hann niður eins og hægt væri sem benti til þess að eitthvað hafi hann vitað upp á sig skömmina.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum lögmanns seljanda er því mótmælt að starfsmaður seljanda hafi verið vanhæfur og tekið málin í sínar hendur eins og álitsbeiðandi haldi fram. Álitsbeiðandi hafi komið með þéttihringinn og erfitt hafi verið að sjá hvort hann væri skaddaður eða ekki. Því hafi starfsmaðurinn sótt annan hring til samanburðar en ekki treyst sér til þess að kveða upp úr með það hvort hringurinn væri ónýtur eða ekki og aldrei hafi hann gefið út yfirlýsingu um að hann væri í lagi. Álitsbeiðanda hafi því verið í sjálfsvald sett hvort hann vildi kaupa nýjan þéttihring eins og hann hafi ætlað, en hann hafi kosið þess í stað að fá viðgerðarmann heim til sín. Þá beri að líta til þess að álitsbeiðandi hafi áður skipt um hring sjálfur og á þeirri aðgerð geti seljandi ekki tekið ábyrgð. Þegar viðgerðinni hafi verið lokið hafi álitsbeiðandi undirritað verkbeiðni seljanda þar sem kostnaðartölur hafi komið fram og hvorki gert athugasemd við kostnaðinn eða áskilnað.

Í andsvörunum segir að fyrri þéttihringur hafi verið keyptur hjá Z og orðinn tveggja ára gamall. Y geti ekki borið ábyrgð á þéttihring sem keyptur sé hjá öðrum seljanda og því síður á sliti sem verði á svona hringjum, en ekkert sé komið fram um það hvers vegna hringurinn hafi slitnað svo fljótt sem raunin hafi verið. Seljandi hafni alfarið kröfum álitsbeiðanda og geri kröfu um að reikningurinn verði greiddur að fullu.

V

Úr gögnum málsins

Andsvörum seljanda fylgdi ljósrit af verkbeiðni, dags. 1. apríl 2008, stíluð á seljanda. Segir þar að skipt hafi verið um hurðargúmmí. Útkall kosti kr. 5.634, akstur kr. 1.653 og efni, þ.e. þéttihringurinn kr. 2.640, eða samtals kr. 9.927. Virðisaukaskattur sé kr. 2.432 og upphæðin samanlögð kr. 12.359. Fangamark álitsbeiðanda er skrifað undir þar sem stendur „Greitt/mótt.“

Álitsbeiðandi afhenti kærunefndinni þéttihring til skoðunar og byggir nefndin á því að það sé sá hringur sem úr vélinni var tekinn. Nefndin hefur fengið hringinn fagmanni til skoðunar og styðst við álit hans í niðurstöðu sinni.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem telja verður að viðskipti aðila falli undir, þar sem reikningur sá sem um er deilt stafar af kaupum álitsbeiðanda á þéttihringnum.

Af gögnum málsins sést að fyrri þéttihringurinn, þ.e.a.s. sá sem úr þvottavélinni var tekinn, var samkvæmt reikningi sem álitsbeiðandi lagði fram keyptur hjá fyrirtækinu Z, 1. september 2006. Reikningur fyrir síðari þéttihringnum er gefinn út 3. apríl 2008 af Y, en að því fyrirtæki beinir álitsbeiðandi kröfum sínum. Er þannig um að ræða tvö mismunandi fyrirtæki og ekki hefur verið leitt í ljós að á milli þeirra séu þau tengsl að þau beri ábyrgð á vörum hvors annars. Álitsbeiðandi beinir ekki kröfum að Z. Af þeim ástæðum kemur ekki til skoðunar í áliti þessu hvort fyrri þéttihringurinn kann að vera haldinn galla sem seljandi hans beri ábyrgð á.

Við fyrst sýn virðist ekkert að þeim þéttihring sem kærunefndin fékk til skoðunar. Þegar hringurinn er teygður koma í ljós smágerðar sprungur í köntum, en þeir kantar leggjast ekki að öðrum fleti til þéttingar og ættu því ekki að geta valdið leka. Þegar þéttiflöturinn sjálfur, þ.e. sá hluti hringsins sem leggst að hurðaropinunni, er teygður koma í ljós enn smágerðari sprungur. Verður ekki annað sagt en við skoðun sé harla erfitt að gera sér grein fyrir því að með þessum þéttihring hafi lekið þótt sú virðist hafa verið raunin. Við grandskoðun á þéttifletinum sést að slit á honum er ekki jafnt heldur er eins og hluti af fletinum innanverðum hafi ekki lagst að vélinni því að þar er lítið sem ekkert slit að sjá. Sé það rétt bendir það til þess að hringurinn hafi ekki að öllu leyti verið á þeim stað sem honum var ætlaður. Um þetta treystir kærunefndin sé þó ekki að slá neinu föstu.

Með framansagt í huga álitur kærunefndin að afgreiðslumanni seljanda verði tæpast virt til sakar að telja að þvottavélina þyrfti að skoða til þess að komast að raun um af hvaða ástæðum lekinn stafaði. Við þetta bætist að álitsbeiðandi undirritaði á sínum tíma verkbeiðni athugasemdalaust þar sem fram koma þær kostnaðartölur sem reikningur seljanda er byggður á. Samkvæmt því sem að framan segir álitur kærunefndin ekki forsendur til þess að orðið verði við kröfum álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Hafnað er kröfum álitsbeiðanda, X.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

